



1. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2013 - 2014 haldinn föstudaginn 6. sept. 2013 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Steinþór Einarsson formaður skólanefndar, Þorkell Máni Pétursson, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður skólanefndar og Sigrún Gísladóttir. Þórunn Sveinbjarnardóttir boðaði forföll en mistök urðu í fundarboðun. Fundinn sátu einnig Sigríður Einarsdóttir fulltrúi foreldra, Gunnar Hólmsteinn Ársælsson fulltrúi kennara, Agnes Alda Magnúsdóttir fulltrúi nemenda og Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari.

Fundargerð 5. fundar skólanefndar síðasta skólaárs hafði verið send skólanefndarfulltrúum í tölvupósti og samþykkt. Hún hefur verið sett á heimasíðu skólans.

1. Upphaf haustannar

Í máli skólameistara kom fram að miklar breytingar hafa verið gerðar á stundatöflunni. Breytingin felst í því að hver hefðbundin kennslustund er 50 mínútur í stað 60 áður en síðan fær hver nemandi að mæta í smíðju í sínum námsgreinum. Smíðjurnar eru hugsaðar sem ákveðin tilraun í átt að einstaklingsmiðuðu námi. Þar gefst nemendum tækifæri til að læra í smærri hópum og dýpka skilning sinn á námsefninu. Verður spennandi að fylgjast með þróuninni á önninni en nemendur jafnt sem kennarar hafa tekið þessari breytingu vel. Jafnframt stýttist skóladagurinn en gagnrýni hefur komið fram um að skóladagurinn sé mjög langur.

2. Breytingar á starfsmannamálum

Litlar breytingar hafa orðið á starfsmannamálum og fengu fundarmenn yfirlit yfir helstu breytingar.

3. Fjármál skólans

Með fundarboði var sent rekstraryfirlit fram til ágúst þessa árs og til samanburðar rekstraryfirlit yfir sama tímabil ársins 2012. Áætlunin er nokkuð í samræmi við reksturinn.

4. Önnur mál

- a. Busavígslan. Kristinn skólameistari ræddi um busavígsluna og eftirmála hennar sem hafa verið í fjölmiðlum undanfarna daga. Í máli Kristins kom fram að skipulagning og framkvæmd nemendafélagsins var til sóma og nýnemaferðin tókst vel. Hins vegar er með öllu ólíðandi að í skjóli þessa atburðar skuli einkabusunum fjölga. Þar fá menn útrás fyrir ofbeldi sem er ólíðandi og hefur skólameistari ákveðið að busun nýnema verði ekki leyfð aftur.
- b. Úttekt á FG. Mennta- og menningarmálaráðuneytið lét gera úttekt á starfsemi FG og er niðurstaða hennar jákvæð fyrir skólann. Skólinn mun svara athugasemdum sem komu fram í skýrslu úttektaraðilanna og verður skýrslan ásamt svörum skólans sett á heimasíðu ráðuneytisins.
- c. Einelti. Nokkuð var rætt um einelti og spurt hvort skólinn hefði sérstaka áætlun til að sporna við því. Í máli skólameistara kom fram að eineltisáætlun er á heimasíðu skólans. Endurskoða þarf hvort leiðir mættu vera skýrari varðandi hvert nemendur eigi að leita.

Fundi slitið kl.13:15.

Næsti fundur: 18.október 2013.

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.